



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 19. desember 2014

Ákvörðun nr. 38/2014

Kaup Samherja hf. á ESTIA ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 10. október 2014 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum Samherja hf. (hér eftir „Samherji“) á ESTIA ehf. Með viðskiptunum kemur Samherji til með að hafa yfirráð yfir Slippnum á Akureyri ehf. (hér eftir „Slippurinn“), þar sem ESTIA er eignarhaldsfélag um meirihluta hlutafjár í Slippnum. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela viðskiptin í sér tilkynningarskyldan samruna í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga. Með bréfi dags. 16. október sl. tilkynnti eftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005 hefðu hafist þann 13. október.

Með samrunatilkynningunni fylgdu ýmis gögn, s.s. kaupsamningar við hluthafa Slippsins og ársreikningar samrunaaðila. Í kaupsamningunum er kveðið á um að kaupin taki fyrst gildi eftir að ætlað samþykki Samkeppniseftirlitsins á kaupunum liggur fyrir. Á því tímabili sem eftirlitið fjallar um samrunann hafa seljendur skuldbundið sig með hluthafasamkomulagi um að gera engar breytingar á félaginu eða rekstri þess, sem væru til þess fallnar að hafa áhrif á verðmæti þess.

Samkeppniseftirlitið gerði samrunaaðilum grein fyrir því frummati eftirlitsins að fyrirhugaður samruni hefði mögulega samkeppnishamlandi áhrif í för með sér. Eftirlitið gerði grein fyrir því að hvati kynni að myndast hjá Samherja að veita útgerðum sínum forgang að þjónustu Slippsins. Viðræður eftirlitsins við samrunaaðila hafa leitt til þess að umræddum samkeppnishömlum hefur verið eytt með setningu skilyrðis sem ætlað er að tryggja jafnan aðgang útgerða að þjónustu hans. Nánar verður vikið að forsendum þess að grípa þurfi til íhlutunar í samrunanum síðar í ákvörðuninni.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað ýmissa gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum, s.s. gögn um helstu viðskiptavinum og keppinauta Slippsins, þá hefur eftirlitið einnig átt samtöl við ýmsa aðila sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.



II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í samrunaskrá segir að Samherji sé eignarhaldsfélag sem heldur aðallega utan um félög í sjávarútvegi. Rekstur samstæðunnar byggir aðallega á sjófrystingu og landvinnslu á bolfiski, fiskeldi og markaðs- og sölustarfssemi. Segir í skránni að stór hluti umsvifa samstæðunnar sé utan Íslands, í útgerð, vinnslu í landi og í markaðsmálum. Samstæðan er einn umsvifamesti atvinnurekandi landsins og nam velta félagsins [...]¹

Í samrunaskrá segir að Slippurinn sé fyrirtæki sem starfi við viðhald, viðgerðir og breytingar á öllum gerðum af skipum og skipsbúnaði, auk þess að smíða skip og skipsbúnað. Til þess hafi Slippurinn yfir að ráða flotkví og tveimur dráttarbrautum til þess að taka upp skip af ýmsum stærðum. Samhliða þessu þá veiti fyrirtækið þjónustu á sviði málmíðnaðar s.s. fyrir virkjanir og stóriðju, einnig annist fyrirtækið sölu á hvers kyns varahlutum tengdum starfsemi sinni.

Að mati samrunaaðila er því um að ræða lóðréttan samruna sem felur ekki í sér að markaðshlutdeild fyrirtækjanna á einstaka mörkuðum stækki enda starfi félögin ekki á sömu mörkuðum og engin skörun sé á þeim. Telja samrunaaðilar að samruninn leiði ekki til þess að samkeppni raskist að nokkru leyti á umræddum mörkuðum.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samkvæmt samrunaaðilum eru þeir markaðir sem Slippurinn starfar á annars vegar markaður fyrir vélvinnslu málma og hins vegar markaður fyrir viðgerðir og viðhald á skipum og bátum. Samrunaaðilar telja sig hafa óverulega markaðshlutdeild á markaði fyrir vélvinnslu málma. Á markaði fyrir viðgerðir og viðhald á skipum og bátum telja samrunaaðilar markaðshlutdeild sína vera [...]. Með hliðsjón af opinberum gögnum og veltutölum samkeppnisaðila Slippingsins telur Samkeppniseftirlitið framangreint mat samrunaaðila vera nærri lagi.

Helstu samkeppnisaðila sína telur Slippurinn vera aðila sem hafa yfir að ráða flotkvíum, sem geri fyrirtækjunum kleift að framkvæma ýmis konar viðgerðar- og viðhaldsverkefni á

¹ Texti í hornklofa er felldur út vegna trúnaðar.



skipum. Nokkur umsvifamikil fyrirtæki eru hér á landi sem hafa yfir að ráða þess háttar búnaði og veita Slippnum því samkeppnislegt aðhald í viðgerðar- og viðhaldsverkefnum fyrir skip og báta. Af gögnum málsins má ráða að Slippurinn sé stærsti slippur landsins. Fyrirtækið hefur yfir að ráða stærstu flotkví landsins sem gerir fyrirtækinu kleift að þjónusta stærri skip en samkeppnisaðilar þess. Möguleikar samkeppnisaðilanna til að veita samkeppnislegt aðhald takmarkast af því hversu stór skip mögulegt er að þjónusta. Af þessari ástæðu telja aðilar á markaðnum sig ekki í stakk búna til að keppa við Slippinn í öllum verkefnum.

Líkt og samrunaaðilar benda sjálfir á þá er hér um að ræða samruna sem leiðir til lóðréttrar samþættingar fyrirtækja í samstæðu Samherja, að því leyti að samhliða útgerð þá kemur samstæðan til með að þjónusta útgerðir í viðgerðar- og viðhaldsverkefnum. Hagsmunir Samherja af rekstri útgerðar eru margfalt meiri en þeir hagmunir sem samstæðan hefur af rekstri Slippins. Því kann að skapast hvati til þess að fiskveiðiskip Samherja muni njóta betri aðgangs að þjónustu Slippins en skip annarra útgerða.

Íhlutun

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að tilefni sé til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga. Áður hefur komið fram að samrunaaðilar hafi lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. laganna og 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar, sem felur í sér þau skilyrði, sem fram koma í ákvörðunarorðun. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandkvæði sem af samrunanum kunna að stafa.

Í ákvörðunarorðum felst eitt efnislegt skilyrði. Því er ætlað að tryggja að hin sameinuðu félag veiti viðskiptavinum sínum jafnan aðgang að viðgerðar- og viðhaldsþjónustu Slippins óháð eignarhaldi Samherja á félaginu. Er Slippnum því óheimilt að synja samkeppnisaðilum Samherja um viðskipti nema á grundvelli ríkra og málefnalegra ástæðna. Tilgangur þessa skilyrðis er að eyða þeim hugsanlega neikvæðu samkeppislegu áhrifum, sem að framan hafa verið rakin. Jafnframt er það forsenda Samkeppniseftirlitsins að skilyrðið stuðli að auknu jafnræði með útgerðarfyrirtækjum.



IV. Ákvörðunarorð

Vegna kaupa Samherja hf. á ESTIA ehf.

Kaup Samherja hf. á ESTIA ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2006. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði.

1.

Aðgerðir gegn skaðlegum samkeppnishindrunum

1.1

Almennt

Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn samkeppnishindrunum sem stafað geta af mögulegum áhrifum sem Samherji getur haft á Slippinn. Skulu þessir aðilar í því skyni og eins og þeim frekast er unnt tryggja sjálfstæði Slippsins.

1.2

Sjálfstæði Slippsins

Samherji og tengdir aðilar skulu ekki njóta forgangs að þjónustu Slippsins umfram ótengda aðila.

2.

Brottfall skilyrða

Skilyrði sáttarinnar falla úr gildi ef Samherji missir yfiráð yfir Slippnum. Aðilum er heimilt, sameiginlega eða hver fyrir sig, á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi, að hluta eða í heild, vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

3.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson